

Borgarráð 25. ágúst 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengisvanda í miðbænum á hátíðisdögum MSS22080177

Illu hefur gengið að finna lausnir með skipuleggjendum Menningarnætur þannig að hátíð af þessu tagi taki á móti öllum þar sem stórt svæði er lokað af. Það er ákveðinn forgangsakstur fyrir stæðiskorthafa og akstursþjónustu fatlaðra að jaðri svæðisins en það dugar ekki til. Flokkur fólksins leggur til að lagst verði yfir þetta vandamál og reynt að hugsa út fyrir boxið til að koma til móts við fatlað fólk, hreyfihamlaða og sjónskerta innan hátíðarsvæðisins. Það liggur í augum uppi að ekki er hægt að mæla með því að fatlað fólk nýti sér þjónustu strætó því allir vagnar eru stappfullir og ekki allir bílstjórar taka tillit til líkamlegs ástands farþeganna með sínu aksturslagi. Í vögnunum er auk þess mikil þrengsli, fjölskyldur með börn sín og barnavagna. Hugsa þarf dæmið upp á nýtt fyrir fólk sem á erfitt með gang og notast við hjálpartæki eins og hjólastóla og hækjur en langar engu að síður að taka þátt í hátíðarhöldunum.